

Nokkrir punktar um sambönd og fólk á einhverfurófinu.

Lori Cline hefur skrifað bók "From Like to Love with Asperger's Syndrome: Learning How to Express and Enjoy Affection with Family, Friends and Partner." Því miður hef ég ekki fundið hvar er hægt að kaupa þessa bók en nokkrar síður eru á google books. Bókin byggir á viðtölum hennar við fólk á einhverfurófinu og maka þess. Í lok hvers kafla dregur hún fram helstu punkta sem fram komu í kaflanum. Hér er samantekt á punktum úr fimm köflum.

ER: EINHVERFIR, FÓLK Á EINHVERFURÓFI

NT: NEURO-TYPICALS, ÞEIR SEM ERU EKKI EINHVERFIR

AÐDRÁTTARAFL

- ♥ ER karlar fá oft áhuga á konum sem eru hrifnar af þeim
- ♥ Líkamlegt aðdráttarafl er mikilvægara en kynferðislegt aðdráttarafl
- ♥ Flest fólk á ER nefnir hár og augu sem mikilvægast útlitsatriði
- ♥ ER karlar geta verið mjög stífir á því hvað þeim líkar við í fari maka
- ♥ Í upphafi sambands gera ER oft allt til að gera hinn aðilann hamingjusaman
- ♥ Það getur breyst síðar í sambandi og makinn upplifir þá oft að hann hafi verið blekkur og að ER aðilinn sé allt öðru vísi en hann hélt
- ♥ ER konur og karlar lýsa því á svipaðan hátt af hverju þau drógust að maka sínum

SAMEIGINLEG ÁHUGAMÁL

- ♥ Sameiginleg áhugamál skipta miklu máli í makavali ER fólks
- ♥ Algengasta sameiginlega áhugamálið er tónlist
- ♥ Næst algengasta áhugamálið er leikhús. (Athugasemd: Þetta er mjög sérstakt en líklega mætti skipta þessu út fyrir sjónvarpsþætti og kvikmyndir)
- ♥ Íþróttir eru sjaldgæfa sameiginlega áhugamálið
- ♥ Stundum deila pör áhuga á dýrum. Áhugi á köttum er sérstaklega algengur
- ♥ Það er mikilvægt að parið hafi svipaðar skoðanir sérstaklega hvað varðar trú
- ♥ ER karlar velja oft konur sem eru með sterkar skoðanir og sterk siðferðisleg gildi
- ♥ ER karlar segja að það sé mikilvægt maki hafi svipaðan húmor
- ♥ ER konur telja tónlist, leikhús (Athugasemd: ætti líklega frekar að vera sjónvarpsþættir og kvikmyndir), trúarskoðanir og greind séu það sem er mikilvægt að eiga sameiginlegt með maka
- ♥ ER konur eru meðvitaðri um galla maka síns en ER menn og átta sig á því að þær muni ekki fá allt frá maka sínum sem þær vilja

TRAUST

- ♥ Langflestir ER karlar segja að þeir treysti maka sínum algerlega
- ♥ Þetta traust virkar einfalt og barnalegt
- ♥ Meirihluti ER karla trúir algjörlega eða næstum því algjörlega á að maki þeirra sé þeim trúr
- ♥ Ef NT maki er ótrúr þá er ólíklegt að ER manneskjan treysti honum aftur
- ♥ Það er óvenjulegt ef ER karl trúir því að maki hans treysti honum
- ♥ Aðalástæða þess að ER karlar efa það að makinn treysti honum er vangeta þeirra í félagslegum aðstæðum
- ♥ Það er óvenjulegt að NT kona treysti ER karli algerlega
- ♥ NT konur treysta almennt ekki ER karli algjörlega en þó treysta þær algerlega á að hann verði þeim trúr
- ♥ ER konur treysta á NT karla á flestan hátt en ekki til að vera þeim trúr

SKILNINGUR

- ♥ Meirihluti ER fólk telur að þeir skilji ákveðna þætti hjá maka sínum
- ♥ Einhverfurófsraskanir skerða getu ER fólks til að skilja hvaða áhrif gjörðir sínar hafa á aðra
- ♥ ER fólk notar aðrar heilastöðvar en NT fólk til að skilja hvernig aðrir hugsa
- ♥ ER fólk hefur ekki eðlislæga getu til að skilja tilfinningar annarra eða innsæi í mannlegar tilfinningar
- ♥ Meirihluti NT maka finnst að ER greining auki skilning þeirra á maka sínum
- ♥ ER konum finnst þær skilja maka sinn upp að ákveðnu marki
- ♥ Það er ER konum mikilvægt að maki þeirra skilji þær

TJÁNING INNSTU TILFINNINGA OG HUGSANA

- ♥ Fáum ER körlum finnst þeir geta tjáð maka sínar innstu tilfinningar
- ♥ ER körlum finnst þeim ógnað ef þeir eru spurðir beinna spurninga af maka
- ♥ Sumir ER karlar óttast að það sem þeir segja verði notað til að gagnrýna þá
- ♥ ER karlar svara stundum spurningum sem krefjast varfærins svars með allt of mikilli hreinskilni
- ♥ Báðir aðilar segja að í upphafi samband hafi þeir geta tjáð tilfinningar sínar
- ♥ ER konur segja að þótt þær hafi tjáð sínar innstu tilfinningar þá hafi makinn ekki skilið þær
- ♥ Tilfinningablinda er stundum ástæða þess að ER fólk virðist hvorki heyra né skilja það er aðrir tjá sig um sínar innstu tilfinningar
- ♥ Það að hafa stjórn á hlutunum er grundvallaratriði fyrir ER fólk
- ♥ Flestar ER konur eru opnar og hreinskilnar um sjálfa sig og upplifa enga ógn við að tjá sig um sín innstu mál við maka sinn